

Core Heildsala innkallar Barebells Choco coco í samráði við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF).

Möguleiki er á að rangri tegund hafi verið pakkað í umbúðir fyrir Coco Choco próteinstykki sem inniheldur ofnæmisvaldana jarðhnetur og soja.

Upplýsingar um vöruna:

- **Vörumerki:** Barebells
- **Vöruheiti:** Barebells Coco Choco
- **Framleiðandi:** Barebells
- **Framleiðsluland:** Svíþjóð
- **Strikanúmer:** 7340001805383
- **Nettóþyngd:** 55g
- **Lotunúmer:** L6055-R
- **Best fyrir dagsetningar:** 24.02.2027
- **Dreifing:** Bónus, Krónan, Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin, 10-11, Hagkaup, N1 og Olís.

Þeir sem eiga umrædda vöru ennþá til eru beðnir um að neyta hennar ekki, og farga eða skila til Core heildsölu ehf, Víkurhvarf 1, 203 Kópavogur gegn fullri endurgreiðslu.

Core heildsala ehf. biður viðskiptavini sína afsökunar á óþægindum sem þetta kann að valda.

Fyrir nánari upplýsingar er hægt að hafa samband í síma: 553-1930 eða senda tölvupóst á netfangið: core@core.is

